

Nýjung:

Örorkuvernd fyrir unga fólk

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður nú þeim sem eru á aldrinum 18–44 ára og eru með séreignarsparnað hjá sjóðnum sérstaka örorkuvernd. Örorkuvernd er valfrjáls váttrygging ætluð þeim sem eru að koma út á vinnumarkaðinn í fyrsta skipti, á meðan þeir ávinna sér rétt til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum. Örorkuverndin hentar einnig vel ungu fólki sem vill auka við vernd sína komi til langtíma heilsubreysts og þeim sem hverfa tímabundið af vinnumarkaði, t.d. vegna náms, og tapa niður framreikningi til örorkulífeyris.

Fyrstu tvö til þrjú aðildarárin að lífeyrissjóði er réttur til örorkulífeyris lítill. Brýnast er því að gera viðbótarráðstafanir til að tryggja vernd á því tímabili. Þar sem áföll í lífi fólks gera jafnan ekki boð á undan sér er skynsamlegt að gera fjárhagslegar ráðstafanir á meðan heilsan er í góðu lagi. Með samningum við Váttryggingafélag Íslands hf. (VÍS) hefur tekist að setja saman góða váttryggingarvernd á mjög hagstæðum kjörum til hagsbóta fyrir yngri rétthafa í séreignarsparnaði sjóðsins.

Kröfur um lífsgæði aukast stöðugt sem kallar m.a. á auknar váttryggingar gegn fjárhagslegum áföllum. Þetta á ekki síst við um ungt fólk sem getur tapað stórum hluta ævitekna sinna verði það fyrir varanlegri skerðingu á starfsorku. Örorkuverndin er skynsamleg viðbót á því tímabili í lífi fólks þegar útgjaldaþörfin er jafnan mest vegna heimilisreksturs. Verði rétthafi sem er með Örorkuvernd fyrir heilsutjóni vegna sjúkdóms eða slyss og læknisfræðileg örorka er metin meiri en 50% greiðast bætur í einu lagi til sjóðsins sem ráðstafa eigninni inn á séreignarreikning viðkomandi rétthafa. Bætur greiðast síðan til rétthafans samkvæmt reglum um séreignarsparnað.

Einfalt umsóknarferli

Mjög einfalt er að sækja um Örorkuverndina. Hafi rétthafi ekki átt við sérstök heilsufarsvandamál að stríða undirritar hann umsókn þar sem yfirlýsing um heilsufar er staðfest um leið og sjóðnum er veitt heimild til að taka iðgjald af séreign viðkomandi hjá sjóðnum. Telji rétthafi sig ekki geta undirritað einfalda yfirlýsingu um heilsufar getur hann sent inn umsókn á sérstöku eyðublaði sem er þá metin hjá VÍS og síðan fær rétthafi svar um niðurstöðu. Þegar sjóðnum hefur borist fullnægjandi umsókn tekur váttryggingin gildi skv. skilmála og er váttryggingarskipteinið þá sent rétthafa í pósti. Iðgjaldið er dregið af séreignarsparnaði og því ekki um neinn greiðsluseðil að ræða eða færslu á greiðslukort heldur kemur frárdregið iðgjald fram á yfirlitum frá sjóðnum og á sjóðfélagavefnum.



Frá undirritun samnings við VÍS um Örorkuvernd.

Iðgjald Örorkuverndar er mun lægra en almennt gerist en það er háð váttryggingarfjárhæð og aldri þess sem váttryggður er. Váttryggingarfjárhæðir eru hæstar fyrir 18–24 ára en lækka síðan með aldri og fellur aðild að váttryggingunni niður eftir að 45 ára aldri er náð.

Dæmi: Miðað við greiðslu séreignariðgjalds af 250.000 króna launum

Aldur	20 ára	30 ára	40 ára
Séreignariðgjald á mánuði – 4% framlag launþega auk 2% frá vinnuveitanda	15.000	15.000	15.000
Váttryggingarfjárhæð Örorkuverndar – eingreiðsla við fulla örorku	25.000.000	19.000.000	9.000.000
Iðgjald Örorkuverndar á mánuði	940	2.225	2.436
Iðgjald Örorkuverndar sem hlutfall af séreignariðgjaldi	6%	15%	16%

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu sjóðsins, www.lifeyrir.is.

Ársfundur 24. maí 2007

Ársfundur sjóðsins sem haldinn var á Nordica hótel var sá fjölmennasti í sögu hans. Ánægjulegt var að sjá aukna þátttöku sjóðfélaga í ársfundinum en farin var sú leið í fyrsta sinn að senda þeim sérstakt bréf til að minna á fundinn.



Auk venjulegra ársfundarstarfa voru lagðar fram breytingartillögur á samþykktum sjóðsins og voru þær samþykktar samhljóða. Að fenginni staðfestingu fjármálaráðuneytis leiða þessar breytingar m.a. til þess að sjóðurinn mun starfa í einni tryggingardeild og fjárfestingarheimildir sjóðsins verða ekki fastsettar í samþykktum sjóðsins heldur miðast við gildandi lög um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða á hverjum tíma.

Á fundinum héldu Páll Harðarson, aðstoðarforstjóri OMX Nordic Exchange á Íslandi og Georg Páll Skúlason stjórnarmaður í sjóðnum erindi um reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (Principles for Responsible Investment) og hvernig staðið er að upptöku þeirra reglna hjá sjóðnum í samræmi við ákvörðun stjórnar hans. Reglurnar sem eru leiðbeinandi fyrir stofnanafjárfesta um allan heim fela í sér að þátttakendur skuldbinda sig

til að taka tillit til umhverfislegra og félagslegra þátta við fjárfestingar sínar, auk þess sem lögð er áhersla á góða stjórnarhætti fyrirtækja sem fjárfest er í. Reglurnar voru samdar af leiðandi lífeyrissjóðum og eignavörslufyrirtækjum víða um heim í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar og hafa margir af stærstu lífeyrissjóðum Vesturlanda nú þegar undirgengist reglurnar.

Á ársfundinum var gerð grein fyrir ársreikningi 2006 en eins og fram kom í fréttabréfi sjóðsins sl. vor var síðasta rekstrarár eitt hið besta í sögu sjóðsins. Raunávöxtun var 11,8% og eignir sjóðsins jukust á árinu um 22,9%. Reksturinn bætti því tryggingafræðilega stöðu sjóðsins verulega sem gerir hann enn öflugri til þess að takast á við skuldbindingar sínar.

Helstu niðurstöður árslutareiknings

Grunndeildir, 31. ágúst 2007

Allar tölur í þúsundum króna	Stigadeild	Aldurstengd deild	
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	01.01.–31.08. 2007	01.01.–31.08. 2007	2006
Löggjöld	1.361.218	1.819.207	3.999.055
Lífeyrir	-1.485.440	-15.085	-2.032.979
Fjárfestingatekjur	5.559.153	570.631	14.031.207
Fjárfestingagjöld	-68.927	-7.474	-96.705
Rekstrarkostnaður	-69.137	-6.931	-97.013
Breyting á hreinni eign á tímabilinu:	5.296.866	2.360.348	15.803.564
Hrein eign í upphafi tímabils:	78.774.371	6.783.209	69.754.016
Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils:	84.071.237	9.143.557	85.557.580
Efnahagsreikningur 31.08. 2007			
Verðbréf með breytilegum tekjum	42.379.797	0	42.693.027
Verðbréf með föstum tekjum	35.231.223	0	33.207.955
Veðlán	10.303.928	0	8.902.739
Bankainnstæður	4.911.905	0	338.604
Húseignir og lóðir	146.239	0	147.877
Kröfur	27.224	9.143.557	6.945.570
Annað	11.650	0	4.629
	93.011.966	9.143.557	92.240.401
Skuldir	-8.940.729	0	-6.682.821
Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils:	84.071.237	9.143.557	85.557.580
Áætlaðar lífeyrisskuldbindingar 31.08. 2007			
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	8.840.000	571.000	
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	11,5%	6,5%	
Eignir umfram heildarskuldbindingar	5.142.000	2.911	
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	4,9%	6,5%	
Kennitölur			
Hrein raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs*	10,5%	10,5%	11,8%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár			5,2%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar 2003 til 31.08. 2007	9,0%	9,0%	
Eignir í ísl. kr.	67,9%	67,9%	67,4%
Eignir í erl. mynt	32,1%	32,1%	32,6%
Fjöldi virkra sjóðfélaga*	6.827	4.959	11.787
Fjöldi lífeyrisþega*	4.368	290	4.385
Kostnaður í % af eignum*	0,1%	0,1%	0,1%

*Reiknast fyrir tímabilið 01.09.2006–31.08.2007.

Góð ávöxtun

Ávöxtun Sameinaða lífeyrissjóðsins var góð á tímabilinu september 2006 til ágúst 2007 samkvæmt endurskoðuðu árs hlutauppgjöri frá 31. ágúst 2007. Nafnávöxtun sjóðsins á tímabilinu var 14,3% og raunávöxtun 10,5%.

Áætluð tryggingafræðileg staða batnar

Tryggingafræðileg áætlun í lok ágúst 2007 sýnir að heildarskuldbinding stigadeildar sjóðsins er 105.070 millj. kr. Eign stigadeildar til tryggingafræðilegs mats er 110.212 millj. kr. og er eign umfram heildarskuldbindingu þannig 5.142 millj. kr. eða 4,9%. Eftir 8% aukningu áunninna réttinda þann 1. janúar 2007 er eign aldurstengdrar deildar til tryggingafræðilegs mats 47.363 millj. kr. Heildarskuldbinding deildarinnar er 44.452 millj. kr. og er eign deildarinnar umfram heildarskuldbindingu þannig 2.911 millj. kr. eða 6,5%.

Eignir hækka um 17,5% frá september 2006

Í lok ágúst voru heildareignir sjóðsins 96.276 millj. króna að séreignarsparnaði meðtöldum og höfðu aukist um 14.354 eða 17,5% frá september 2006.



Hagstæð sjóðfélagalán

Vart hefur farið fram hjá neinum að miklar breytingar hafa orðið á húsnæðislánamarkaðinum á síðustu misserum. Með innkomu bankanna buðust í upphafi hærri lán og lægri vextir en bankarnir tóku einnig upp nýjan gjaldaflokk, svonefnt uppgreiðslugjald. Íbúðalánasjóður hefur fylgt í kjölfarið og boðið lánaflökk með uppgreiðslugjaldi. Í umræðu síðustu vikna hefur komið fram að þetta gjald getur orðið mjög íþyngjandi, einkum þegar kemur til vaxtalækkunar á lánamarkaði.

Í þessu sambandi skal minnt á að öll sjóðfélagalán Sameinaða lífeyrissjóðsins eru án uppgreiðslugjalds en vextir þrátt fyrir það mjög samkeppnishæfir, eins og taflan sýnir.

Lánveitandi	Fastir vextir	Uppgreiðslugjald	Hámarks veðhlutfall
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	4,90%	Nei	65%
Glitnir banki	5,80%	Já	80%
Kaupþing	5,95%	Já	80%
Landsbankinn	5,75%	Já	80%
SPRON	5,95%	Já	80%
Íbúðalánasjóður*	4,85%	Já	80%
Íbúðalánasjóður*	5,10%	Nei	80%

Taflan er unnin skv. upplýsingum á heimasíðum þessara aðila 10. október 2007.

*Val er á milli þessara lána hjá Íbúðalánasjóði.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni, www.lifeyrir.is þar sem einnig er hægt að sækja um lán hjá sjóðnum.



Heimasíðan með nýju útliti

Nýtt kerfi fyrir heimasíðu sjóðsins, www.lifeyrir.is, hefur verið tekið í gagnid. Með því opnast möguleikar á enn betri þjónustu fyrir sjóðfélaga og launagreiðendur. Unnið er að endurskoðun efnis á hinn nýju síðu þar sem m.a. er lögð áhersla á einfalda uppbyggingu, hnitmiðaðar upplýsingar og aukna möguleika í sendingu gagna.